

siðan þeir komu heim, hefir dómur í máli þessu ekki orðið kveðinn upp fyrri en nú, enda barst dómaranum eigi vörn hins skipaða verjanda Hannesar fyrri en 18. ágúst.

Miðvikudaginn 7. mars 1923.

Nr. 93/1927.

Valdstjórnin (Fjeldsted)

gegn

Kristjáni Jóhannessyni (L. Jóhannesson).

Áfengisbannlagabrot.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 27. apríl 1927: Kærður Kristján Jóhannesson greiði 300 kr. sekt til rikissjóðs og allan af málinu leiðandi kostnað þar á meðal varðhaldskostnað kærðs og þeirra Magnúsar og Maris Haraldssonar, Jóns Norðskvists og Jóns Guðbjartar Þórarinssonar.

Sje hin idæmda sekt eigi greidd innunn 14 daga frá lögbirtingu dómsins komi í stað hennar 20 daga einfalt fangelsi.

Hið ólöglegi áfengi dæmist upptækt og eign rikissjóðs.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað með eigin játningu kærða og öðrum skýrslum í máli þessu, að kærði fór að kvöldi dags 25. nóv. f. á. um borð í útlent fiskiskip, er lá fyrir akkerum í landhelgi á Bolungarvík og hafði ekki haft samgöngur við land nje fengið heilbrigðisvottorð og að kærði keypti í skipi þessu 27 heilflöskur af koniaki og flutti áfengi þetta í land og setti það til geymslu í verbúð í Bolungarvík þar sem hreppstjórinn fann það og lagði hald á það. Er það ekki upplýst í málinu hvort áfengi þetta hefir talist til áfengisforða skipshafnarinnar eða hvort skipið hefir haft það meðferðis í því skyni að koma því hjer á

land eða til sölu í íslenskri landhelgi og sömuleiðis er ekkert í skjölum málsins, er bændi til þess, að skipshöfnin á fiskiskipinu hafi leitað eftir samgöngum við land til þess að koma af sjer áfenginu. Að þessu athuguðu verður að líta svo á, að för kærða um borð í skipið og kaup hans á áfenginu hafi orðið þess valdandi, að innflutningsbrotið var framið og verður því að telja hann samverkamann í verknaðinum. Framangreind afbrot kærða ber því að heimfæra undir 7. gr. laga nr. 34, 6. nóv. 1902 og 1. gr. laga nr. 15, 8. júní 1925.

Kærði hefir að visu neitað því fyrir lögreglurjettinum, að hann hafi áður en hann flutti áfengið í land eða eftir það, tekið nokkra ákvörðun um hvað hann ætlaði að gera við áfengið, en eftir því sem upplýst er um ástæður kærða, er áður hefir verið refsað fyrir sölu áfengis, og eftir áfengismagni því, er hann flutti í land, verður að ganga út frá, að hann hafi ætlað að selja það. Með tilliti til þessa og að því upplýstu, að kærði hefir með dómi lögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 24. júlí 1922 verið dæmdur til refsingar samkvæmt eldri lögum fyrir innflutning áfengis, verður nú að refsa honum samkvæmt 13. gr. 1. tölulið laga nr. 15, 8. júní 1925 fyrir brot í annað sinn. Þykir refsing kærða samkvæmt þessu lagaákvæði og 27. gr. 1. nr. 34, 6. nóv. 1902 hæfilega ákveðin 30 daga einfalt fangelsi, og 1200 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 50 daga einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Hið ólöglega innflutta áfengi skal og vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hjeraði, þar á meðal varðhaldskostnað hans sjálfs. En til málskostnaðar þessa telst eigi kostnaðurinn við gæsluvarðhald þeirra Magnúsar Haraldssonar, Maris

Haraldssonar, Jóns Norðkvist og Jóns Guðbjartar Þórarinssonar. Sömmuleiðis ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Kristján Jóhannesson sæti 30 daga einföldu fangelsi og greiði auk þess 1200 kr. sekt í rikissjóð, er afplánist með 50 daga einföldu fangelsi ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Hið ólöglega innflutta áfengi skal vera upptækt og eign rikissjóð.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hjerði, þar með talinn gæsluvarðhaldskostnaður hans sjálfs. Ennfremur greiði kærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðum Kristjáni Jóhannessyni sjómanni í Bolungarvík fyrir brot á lögum nr. 15, 1925 og lögum nr. 34, 1902 og eru málavextir þeir er nú skal greina.

Með eigin játningu kærðs og öðrum gögnum er það nægilega upplýst í málinu, að fimtudaginn 25. nóv. f. á. kl. 8 e. h. fór kærður um borð í útlendan togara, er ásamt fleiri togurum lá á Bolungarvík. Hafði togarinn eigi átt samband við land. Fann kærður skipstjóra að máli, spurði hann hvort hann gæti selt honum áfengi og er hann játti því keypti hann

af honum 2 kassa með konjakki og voru 12 flöskur í hverjum kassa, auk þess keypti hann 3 fl. konjaks, en hver flaska kostaði 8 kr., er kærður greiddi við móttöku.

Flutti kærður því næst áfengið í land og kom því fyrir í svonefndri Breiðsbúð innan til í vikinni. En hreppstjóri Hóls-hrepps fjekk vitneskju um að áfengi væri geymt þar, og þar eð hann hafði eigi lykil að húsinu, fjekk hann leyfi húseiganda til þess að láta mann fara inn um glugga á búðinni, er var opinn og opna dyrnar að innan. Tók svo hreppstjórinn áfengið í vörslur sínar.

En með því að hreppstjórinn áleit það sannað hver hinna útlendu togara hefði selt áfengið, leitaði hann aðstoðar varðskipsins »Þór«, er lá hjer á höfninni. Fór »Þór« þegar til Bolungarvíkur og tók fastan togara P. G. 182 Franz frá Geste-münde er lá þar á vikinni og flutti hann hingað. Það sann-aðist þó eigi að skipstjóri hefði haft um hönd ólöglega áfengis-sölu. En með því að veiðarfæri voru í ólagi var hann dæmd-ur í sektir fyrir það og til að greiða helming málskostnaðar.

Fjórir sjómenn í Bolungarvík sem sje Maris og Magnús Haraldssynir, Jón J. Norðkvist og Jón Guðbjartur Þórarinsson gáfu fyrir rjetti skýrslu um að þeir hefðu flutt kærðan um borð í hinn útlenda togara, en að þeir hefðu einungis farið út að skipshliðinni með kærðan, er einn hafi farið um borð, og að þeir engan þátt hafi átt í áfengis kaupum kærðs. En með því að kærður neitaði því mjög ákveðið að hann hefði farið um borð í útlendan togara umræddan dag og átt við hann áfengis-kaup urðu ofan nefndir menn að staðfesta framburð sinn með eiði.

Kærður mótmælt eigi að siður framburði þeirra sem röng-um. En eftir að kærður hafði verið í gæsluvarðhaldi í nokkra daga meðgekk hann að visu, að hann hefði farið um borð í útlendan togara umræðan dag og átt við hann framangreind áfengis kaup, en staðhæfði jafnframt að þeir allir hefðu komið sjer saman um að fara um borð í togarann og kaupa áfengið og að greindir menn hefðu í því skyni verið sjer í útvegum um peninga einmitt þennan dag og skömmu áður en þeir fluttu kærðan um borð í togarann. Þótti þetta vera svo mikl-ar líkur fyrir því að þeir hefðu gert sig seka í röngum fram-burði fyrir rjetti að þeir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald 4. des. f. á.

Við nánari eftirgrenslan sannaðist þó eigi að ofan nefndir

menn hefðu gert sig seka í röngum rjettarframburði og voru því leystir úr gæsluvarðhaldi 13. s. m.

Að því bannlagabrot kærðs snertir hefir hann haldið því eindregið fram, að hann hafi enga ákvörðun tekið um það, til hvers hann ætlaði að nota áfengið, hvorki áður en hann fór um borð nje eftir það hann kom með það í land. Það verður því eigi talið sannað gegn neitun kærðs, að hann hafi ætlað að selja það eða veita fyrir borgun eða á annan hátt afhenda það til annara manna.

Samkvæmt framansögðu þykir kærður hafa orðið sekur um brot gegn lögum nr. 15, 1925 um aðflutningsbann á áfengi og lögum nr. 34, 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands sbr. og 1. gr. laga nr. 31, 1923 um læknisskoðun aðkomuskipa. Ber að heimfæra bannlagabrotið undir 8. gr. tjeðra laga þar eð rjetturinn litur svo á að hinn útlendi togari hafi fullkomnað brot um innflutning áfengisins þar sem hann lá á Bolungarvík er hann seldi áfengið sbr. 2. málsg. 1. gr. bannlaganna, og kemur það þó eigi til álita til þyngingar refsingarinnar, að kærður hefir áður sætt 300 kr. sekt og 8 daga einföldu fangelsi fyrir brot á sömu lögum samkvæmt hjeraðsdómi uppkveðnum 24. júlí 1922. En sóttvarnarlaga brotið ber að heimfæra undir 7. gr. tjeðra laga. Þykir refsing kærðs samkvæmt 16. gr. bannlaganna og 27. gr. áðurnefndra sóttvarnarlaga hæfilega metin 300 kr. sekt er renni í rikissjóð og greiðist innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist að öðrum kosti með 20 daga einföldu fangelsi.

Svo greiði og kærður allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnaður kærðs og varðhaldskostnaður ofanefndra fjöggra manna.

Hið ólöglega áfengi ber að dæma upptækt og eign rikissjóðs.

Á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.